



Kennaradeild
Leikskólabraut
2005

„Ertu að fara að læra að snýta og skeina?“

Viðhorf til leikskólakennara

Sigrún Ósk L. Gunnarsdóttir
Lokaverkefni í kennaradeild



Kennaradeild
Leikskólabraut
2005

„Ertu að fara að læra að snýta og skeina?“

Viðhorf til leikskólakennara

Sigrún Ósk L. Gunnarsdóttir
Lokaverkefni til 90 eininga B.Ed.-prófs í kennaradeild.
Leiðsögukennari: Guðrún Alda Harðardóttir

Yfirlýsingar

Ég lýsi því hér með yfir að ég ein er höfundur þessa verkefnis og að það er ágóði eigin
rannsókna

Sigrún Ósk L. Gunnarsdóttir

Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til B.Ed.-
prófs í kennaradeild.

Guðrún Alda Harðardóttir

Útdráttur

Í þessari ritgerð eru viðhorf til leikskólakennara skoðuð, bæði í ljósi sögunnar og nútímans. Til að skilja nútíðina er skyggst inn í fortíðina, skoðuð eru viðhorf til leikskólakennara, leikskólans og leikskólakennaramenntunar í ljósi sögunnar.

Saga leikskólans er saga sem leiðir okkur frá dagvistarúrræðum til leikskóla fyrir alla, frá því að hann þjónaði aðeins fátækum fjölskyldum til þess að verða fyrsta skólastig fyrir öll börn. Sagan sýnir okkur líka breytingu á hugtökum, til dæmis frá því að nota hugtakið dagvistun yfir í leikskóla og frá fósturu til leikskólakennara. Það eru ekki aðeins hugtök sem hafa breyst heldur hefur sýn fólks einnig breyst. Til dæmis hefur ímynd barnsins í hugum fólks þróast frá því að litið var á barnið sem autt blað við fæðingu, til dagsins í dag þar sem litið er á barnið sem hæfileikaríkt og getumikið.

Niðurstaða ritgerðarvinnunnar er að viðhorf til leikskólakennara hafi breyst á síðustu árum og í dag séu þau ólík því sem þau voru er þeir hófu baráttu sína fyrir margt löngu. Engu að síður virðist enn eima eftir af gömlum hugmyndum um leikskólann og leikskólakennara. Einnig ber á þversögnum eins og að leikskólinn sé viðurkenndur sem nauðsynlegur skóli fyrir börn en ekki merkilegur starfsvettvangur.

Summary

This thesis looks at attitudes towards playschool teachers, from the past to the present. To understand the present it is important to look back to the past, where attitudes towards playschool teachers, playschools and playschool teachers education is looked at.

The playschools history is the story which leads us from daycare, to playschools for all. From being a service to the poor families, it then became the first step in the child's school career. History shows us changes in terms, for example daycare is now called playschool and nanny is now called playschool teacher. It is not only the terms that have changed, but also people's views. In the past it was thought that at birth the child was helpless, but today the new born is looked at as being talented and capable.

The conclusion of this thesis is that the attitudes towards playschool teachers have changed during the past years, and today they are seen in a different way from the start of their struggle. None the less some old ideas about playschools and playschool teachers can still be felt today. Likewise is the paradox that playschools are acknowledged as being necessary for children's education, but not an interesting occupation.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
2. Á leið til vega og virðingar.....	3
2.1 Kaup og kjör	8
2.2 Elskandi konur – virðulegt fagfólk?.....	10
2.3 Stefnur og straumar	11
2.4 Sýn á barnæsku.....	13
2.5 Fyrir hvern er leikskólinn í dag?	16
2.6 Viðhorf til leikskólakennara.....	20
2.7 Fagmennska og viðhorf.....	22
3. Að lokum.....	25
Heimildaskrá.....	29

1. Inngangur

Í þessari ritgerð skoða ég hvernig viðhorfum til leikskólakennara og leikskólans er háttað í dag og hvaða breytingar hafa orðið á þeim í gegnum tíðina. Frá því að ég hóf nám við Háskólann á Akureyri hef ég velt fyrir mér þessum viðhorfum fólks og eins viðhorfum þess til leikskólakennaramenntunar. Ég hóf námið af eldmóði, yfir mig glöð að hafa tekið ákvörðun og að hafa loksins fundið nám við mitt hæfi. Fljótlega fór ég að finna fyrir viðbrögðum umhverfisins við vali mínu á háskólanámi. Fólk spurði mig hvort ég vissi ekki hver launin væru og hvað ég ætli svo að gera, hvort ég ætli „bara“ að fara að vinna í leikskóla. Þessi viðbrögð komu mér á óvart. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því að viðhorfin til þessarar starfsstéttar væru svona neikvæð.

Mig langar til að vita hvernig viðhorf til leikskólakennara eru í þjóðfélaginu í dag og hvernig þau viðhorf hafa myndast og þróast. Til þess að fá svar við spurningum mínum skoða ég sögu Félags leikskólakennara frá upphafi leikskólalahalds á Íslandi, frá því að leikskólar töldust til dagvistunar og voru almennt kallaðir dagheimili til dagsins í dag þegar leikskólar eru orðnir að fyrsta skólastiginu í landinu. Ég horfi á söguna út frá þróun menntunar leikskólakennara og baráttu þeirra um kaup og kjör. Ég rýni einnig í sögu leikskólafræða og skoða nafn stéttarinnar frá fósturu til leikskólakennara út frá viðhorfum til stéttarinnar.

Að því loknu hugleiði ég fyrir hvern leikskólinn er hugsaður, velti fyrir mér hlutverki hans og skoða þróun sýnar fólks á barnið.

Því næst kanna ég viðhorf til leikskólakennara og velti fyrir mér hvaða áhrif það hefur á viðhorf fólks að í leikskólanum fari fram nám í gegnum leik.

Að lokum skoða ég fagmennsku leikskólakennara. Hvað felst í henni, hvaða áhrif hún hefur á virðingu stéttarinnar og hvers ber að gæta þegar fagmennska er annars vegar.

2. Á leið til vegs og virðingar

Hvað er viðhorf, hvernig er það skilgreint og hvað mótar viðhorf fólks? Samkvæmt *Íslenskri orðabók* er viðhorf hugtak sem lýsir skoðun, álit eða afstöðu einstaklinga.¹ Samkvæmt Daniel Katz byggjast viðhorf fólks á tilfinningum þeirra, hugsunum og skoðunum. Viðhorfin myndast út frá því hvernig tiltekið áreiti birtist fólki, sem síðan hefur áhrif á viðbrögð þess við áreitinu.² Jakob Guðmundsson fjallaði um almenningsálit á menntun árið 1887. Hann segir nauðsynlegt að skoða viðhorf almennings þar sem í því felist oft ákveðinn sannleikur. Hann segir þó að í almenningsáliti finnist aldrei allur sannleikurinn og því sé nauðsynlegt að binda sig ekki algerlega við það,³ það má því líta svo á að viðhorf lýsi skoðun einstaklings sem hann byggir á hugsun sinni og er sannleikur fyrir honum.

Hvað hefur mótað viðhorf fólks til leikskólakennara og menntunar þeirra? Til þess að skoða hvað hefur mótað viðhorf fólks til leikskólakennaramenntunar er nauðsynlegt að skoða hvernig viðhorf til leikskólans hefur þróast. Líkt og Gunilla Dahlberg og Kenneth Hulqvist benda á, þá er nauðsynlegt að skoða fortíðina fyrir nútíðina. Við sjáum öfl fortíðarinnar og hugleiðingar þegar við skoðum nútíðina.⁴ Í því ljósi verður saga leikskólastarfs skoðuð.

Upphaf leikskólalahalds á Íslandi má finna í byrjun tuttugustu aldarinnar. Á þeirri öld urðu hraðar breytingar í málefnum barna á Íslandi. Samfélagið var að breytast og ný tíð að ganga í garð. Þéttbýlismyndun jókst og uppgangur var í þjónustu- og iðngreinum á atvinnusviðinu. Bændur flyktust í borgina og konur og menn fóru í sífellt meira mæli að vinna utan heimilisins. Í kjölfar þessa fór samfélagið að leita að björgunaraðgerðum í dagvistarmálum. Í þeim fólst að setja á fót stofnanir sem sáu um þösson barna svo foreldrar gætu unnið utan heimilis. Áður hafði verið séð um uppeldi og menntun yngstu barnanna inni á heimilunum og vegna vinnu foreldranna nú var þörf á vistun fyrir börnin utan heimilis yfir daginn og þótti það síðra uppeldi en hið fyrnefnda.⁵

¹ *Íslensk orðabók*. 1988:1149

² Katz, Daniel. 1989:xi

³ Jakob Guðmundsson. 1887:96

⁴ Dahlberg, G og K, Hulqvist. 2001:6

⁵ Bragi Guðmundsson og Gunnar Karlsson. 1997:177

Í bókinni *Leikskólakennaratal* er sögð saga Félags íslenskra leikskólakennara og segir þar meðal annars að lengi framan af hafi yngstu börnin ekki tilheyrt skólamálu. Ekki var litið á dagvistamál sem sjálfsagða og nauðsynlega menntun heldur var litið á þau sem félagslega björgun. Dagvistamál voru hreinlega úrræði gegn breyttum þjóðfélagsaðstæðum.⁶ Gott dæmi um þá sýn sem ríkjandi var á árum áður á skólagöngu barna má finna í *Lýðmenntun*, þar sem segir að miða skuli skólaaldur barna við heilsufræðina. Þá skyldu börn ekki hefja skólagöngu fyrr en líkami þeirra leyfi það. Líkami barna væri ekki nægilega þroskaður til að þola áreynsluna í skóla fyrr en við sex til sjö ára aldur.⁷

Árið 1924 stofnaði bandalag kvenna félag sem þær nefndu Sumargjöf. Nafn félagsins breyttist fljótt í Barnavinafélagið Sumargjöf og var meginmarkmið þess að veita börnum sem ekki nutu viðunandi uppeldis, andlegt og líkamlegt heilbrigði og þroska.⁸ Barnavinafélagið Sumargjöf stóð fyrir opnun fjölmargra leikskóla og var frumkvöðull í menntun fóstura er það stofnaði Uppeldisskóla Sumargjafar.⁹

Barátta leikskólakennara hefur frá upphafi snúist um þrjú meginmarkmið, það eru kjör, menntun og virðingu stéttarinnar. Þessi þrjú markmið tengjast þó markmiðinu um að bæta stöðu dagvistamála á Íslandi. Sagan hefur spannað hálfu síðustu öld og hefur að miklu leyti snúist um þróun dagvistamála frá félagslegu úrræði til fyrsta skólastigsins.¹⁰ Sagan er því stutt. Einungis eru liðin 55 ár síðan fósturur lögðu upp í sína fyrstu kjaradeilu. Þá var rætt um þessar ósvífnu konur sem fóru fram á bætt kjör og voru svo kræfar að bera sig saman við kennara og hjúkrunarkonur. Þetta var árið 1950¹¹ og spurning hvort að þessi hugsun lifi enn í hugum fólks.

Það má segja að leikskólakennarastéttin hafi náð verulega langt á þessum árum í baráttunni um virðingu fyrir henni. Í dag hefur verið samþykkt að öllum fimm ára börnum í Reykjavík gefist kostur á ókeypis leikskólavist í þrjár klukkustundir á dag. Það sýnir hve viðhorfin til leikskóla hafa tekið stakkaskiptum. Á heimasíðu Leikskóla Reykjavíkur segir:

⁶ Davíð Ólafsson. 2000:12

⁷ Guðmundur Finnbogason. 1994:136

⁸ Davíð Ólafsson. 2000:16

⁹ Davíð Ólafsson. 2000:19-20

¹⁰ Davíð Ólafsson. 2000:11-12

¹¹ Davíð Ólafsson. 2000:25

Með [þessari] samþykkt hefur Reykjavíkurborg haft forgöngu um að hér á landi að líta á starf leikskólans sem hluta af samfelldu námsferli einstaklings og þar með viðurkenna leikskólagöngu sem fyrsta skólástigið.¹²

Þetta er mikil viðurkenning á leikskólanum af hálfu borgarinnar sem sýnir hve viðhorf til leikskólans hefur breyst frá því að vera aðallega hugsaður fyrir foreldra og atvinnulíf yfir í skóla fyrir börn. Hér á eftir verður virðing fyrir leikskólakennurum skoðuð í ljósi menntunar þeirra, baráttu þeirra fyrir kaupum og kjörum, þróun leikskólafræða og nafni stéttarinnar.

Samkvæmt *Íslenskri orðabók* er menntun skilgreind sem sú þekking og lærdómur sem einstaklingur aflar sér.¹³ Í *Íslensku alfræðiorðabókinni* er menntun skilgreind enn frekar og segir þar að menntun sé sú þekking, þroski og færni sem fæst með skipulegu námi. Markmið menntunarinnar er að þroska líkamlega og andlega hæfileika manna og viðhalda menningararfi samfélagsins.¹⁴ Páll Skúlason skilgreinir menntun sem þroska og segir skóla eiga að vera leiðir til að auka hann. Hann segir því menntun ávallt vera sjálfsmenntun þar sem í henni felist þroski og vöxtur lífverunnar sjálftrar, það er mannsins.¹⁵ En hvert er viðhorf fólks til leikskólanáms?

Síðustu aldirnar hafa dagheimili, leikskólar og barnaheimili verið óþekkt og óþarft fyrirbæri. Uppeldi heima fyrir í sveitum þótti hollt, frjálst og náttúrulegt. Harðræði var oft mikið og gamlar rötgrónar hugmyndir um stórfjölskylduna voru ríkjandi hugmyndir um hefðbundið fjölskylduform.¹⁶ Í gömlu riti er fjallað um menntun barna í upphafi 20. aldar. Þar kemur fram að „auðvitað“ verði fyrsti grundvöllur menntunar að fara fram á heimilum landsins. Heimilislífið sé hið andlega andrúmsloft barnsins og því undir heimilislífinu komið hvað verði um barnið síðar meir. Það fari eftir því hvort heimilislífið sé hlýtt, hressandi, kalt, fúlt eða fátækt.¹⁷ Valdimar Ásmundarson fjallar um heimilisfræðslu árið 1886-1887. Hann segir þá menntun vera eðlilega, ódýra og notadrjúga. Hann leggur áherslu á að mikilvægt sé að foreldrarnir séu vel menntaðir og hæfir til að vera færir um að veita börnum sínum menntun. Hann segir það hins vegar oft

¹² Heimasíða Leikskóla Reykjavíkur. 2004

¹³ *Íslensk orðabók*. 1988:638

¹⁴ *Íslenska alfræðiorðabókin*. 1990:493

¹⁵ Páll Skúlason. 1990:90

¹⁶ Davíð Ólafsson. 2000:12-13

¹⁷ Guðmundur Finnbogason. 1994:126

ekki vera raunin.¹⁸ Baldvin Einarsson sagði í fyrsta riti Ármanns á Alþingi að hann teldi gott að ala börnin vel upp en hann teldi ekki að til þess þyrfti mikla kunnáttu. Hann sagðist sjálfur ekki vera skýr en hefði alið upp sín börn og væru þau ódæl, lemdi hann þau eins og fisk og ekki vissi hann hvað vantaði upp á til að gera uppeldið betra.¹⁹

Á fimmta áratugi síðustu aldar var viðhorf fólks til leikskólans að breytast. Leikskólinn var þá orðinn meira en bara vistun, hann var farinn að hafa mikilvægt uppeldislegt gildi fyrir börn. Viðurkennt var að viðvera í leikskólum veitti börnum nauðsynleg þroskaskilyrði þar sem þau gætu glímt við viðfangsefni sem hæfðu aldri þeirra og þroska. Enn var þó litið á leikskólann sem neyðarúrræði fyrir borgarbörn og uppeldi barna í sveitum lofsamað. Þó var farið að horfa meira á innihald leikskólans og þá jákvæðu reynslu sem hann veitti börnum. Þessi þróun leiddi til kröfu á menntun starfsfólks.

Vakning hafði orðið í þjóðfélaginu sem hafði bæði náð til ríkis og Reykjavíkurborgar sem og almennings. Í þessari vakningu fólst að félagið Sumargjöf leit á rekstur dagheimila og leikskóla sem stefnumál sitt og hugsjónarmál. Vistheimili voru þó enn rekin af illri nauðsyn. Þessi staða og sú staðreynd að mikill skortur var á hæfu starfsfólki sem og sérmenntuðu leiddi til þess að Uppeldisskóli Sumargjafar var stofnaður haustið 1946 undir stjórn Valborgar Sigurðardóttur.²⁰ Markið var sett hátt og var námstíminn tvö ár og níu mánuðir. Inntökuskilyrði voru að vera orðinn átján ára eða eldri og að hafa stundað tveggja ára nám og lokið prófi úr héraðsskóla, gagnfræðaskóla, kvennaskóla eða hlotið aðra hliðstæða menntun.²¹

Á þeim tíma þótti mörgum fásinna að mennta fólk til að „passa börn“, það gætu allir.²² Elín Torfadóttir rifjar upp í ævisögu sinni er hún hóf nám við skólann árið 1946. Faðir hennar var ósáttur við val hennar á námi og þótti miður að hún gengi í burtu frá góðu skrifstofustarfi. Hann leit svo á að hér væri komin menntun fyrir konur til að aðstoða fjöllyndar stúlkur sem hefðu átt börn í lausaleik.²³ Viðhorfin voru ekki fljót að breytast að sögn Elínar og vitnar í útskriftardag hennar þegar Ísak Jónsson, þáverandi

¹⁸ Valdimar Ásmundason. 1886-7:116

¹⁹ *Ármann á Alþingi*. 1829:12-13

²⁰ Davíð Ólafsson. 2000:19-20

²¹ Valborg Sigurðardóttir. 1974:113

²² Valborg Sigurðardóttir. 1974:115

²³ Kolbrún Bergþórsdóttir. 2004:73-74

formaður Sumargjafar, hélt ræðu í tilefni dagsins. Í ræðunni sagðist hann hlakka til að sjá þessar ungu stúlkur í blómstruðum kjólum leika við börnin á leikvöllunum.²⁴ Í þessari ræðu kemur fram ákveðin sýn á störf leikskólakennara sem hugsanlega endurspeglar sýn samfélagsins á þessum tíma.

Stofnun Uppeldisskóla Sumargjafar var fyrsti árangurinn af hálftrar aldar baráttu leikskólakennara fyrir aukinni menntun. Baráttu sem endaði með að námið er í dag þriggja ára háskólanám. Námið komst á háskólastig árið 1996 og sameinaðist Fósturskóli Íslands Kennaraháskóla Íslands árið 1998.²⁵ Guðrún Alda Harðardóttir talar um þessa baráttu í brautskráningarræðu sinni árið 1999 þegar fyrstu háskólamenntuðu leikskólakennararnir brautskráðust hér á landi. Hún segir þar „Stétt leikskólakennara hafði þá barist í 17 ár fyrir því að nám þeirra færi á háskólastig. Engan skal því undra að ánægja hafi ríkt meðal leikskólakennara um þessa ákvörðun.“²⁶ Þessar breytingar höfðu vafalaust áhrif á viðhorf til leikskólakennara. Kristján Kristjánsson heimspekingur heldur því hinsvegar fram að í þjóðarsálinni leynist þversagnir í viðhorfum okkar til menntamála, annars vegar að við höfum mikla trú á gildi menntunar en hins vegar að fræðimennska njóti minna atlætis hér á landi en á meðal annarra siðmenntaðara þjóða.²⁷ Um þetta má svo deila. Gaman væri að skoða menntun leikskólakennara í þessu ljósi til dæmis með því að bera saman íslenskar aðstæður við aðstæður nágrennaþjóða okkar.

Uppeldisskóli Sumargjafar var hinsvegar með ströng inntökuskilyrði frá upphafi sem sýndi metnað hjá stofnendum skólans. Með þessum áföngum náðist því vafalaust það sem stefnt var að frá upphafi.

Af fyrrgreindu má draga þá ályktun að viðhorf fólks til leikskólanáms hafi breyst frá því að telja leikskólann vera vistunarstofnun yfir í að vera skóli með menntuðu starfsfólki.

²⁴ Kolbrún Bergþórsdóttir. 2004:96

²⁵ Davíð Ólafsson. 2000:72

²⁶ Guðrún Alda Harðardóttir. 1999

²⁷ Kristján Kristjánsson. 1997:236

2.1 Kaup og kjör

Líkt og sagt er frá hér að framan hefur barátta leikskólakennara frá upphafi snúist um kjör, menntun og virðingu stéttarinnar. Leikskólakennarar hafa alla tíð, líkt og margar aðrar stéttir, þurft að berjast fyrir lífeyrisréttindum sínum og kjörum. Þessi atriði hafa ósegjanlega mikil áhrif á þá virðingu sem starfsstéttin hefur sóst eftir.

Árið 1946 var vinnuvika fóstura 48 klukkustundir, barnahópar voru stórir og aðstæður til vinnu lélegar. Þegar fyrsti hópur fóstura útskrifaðist úr Uppeldisskóla Sumargjafar árið 1948 stofnuðu fóstrur félag til að semja um kaup og kjör við Sumargjöf. Þær sömdu strax og úr varð að til yrðu þrír flokkar starfsfólks; deildarforstöðukonur, starfsstúlkur á vöggustofum og vistheimilum og starfsstúlkur á barnaheimilum.²⁸

Fyrsta stéttafélag fóstura, Athöfn, var stofnað árið 1950. Á fyrsta aðalfundi félagsins breyttist nafnið úr Athöfn í stéttarfélagið Fóstura. Þá var þriðji árgangur fóstura að útskrifast og voru fóstrur þá orðnar 22 í allt. Markmið félagsins var að tryggja hag félaga sinna í kaup- og kjaramálum. Stéttarfélagið gekk í Alþýðusambandið 20. nóvember sama ár og voru meðlimir að því næstu 15 árin eða til ársins 1965.²⁹ Stéttarfélagið Fóstura var lagt niður árið 1965 en var endurvakið árið 1988 og varð stéttarfélagið Fóstrufélag Íslands þá aftur til.³⁰

Þessi nýja stétt átti þó undir högg að sækja framan af og þótti ósvífin að gera kröfu um kaup og kjör. Það þótti firra að þær báru sig saman við kennara og hjúkrunarfólk.³¹ Kennarar höfðu verndað starfsheiti og hafði kennaraskólinn verið starfræktur frá árinu 1908 eftir að hafa verið stofnaður í tengslum við fræðslulög.³² Hjúkrunarfólk þurfti sérmenntun en flestir þóttust geta passað börn. Þetta gefur okkur hugmynd um hve ólík viðhorf voru til þessara stétta.³³

Árið 1973 urðu tímamót er ríkið tók yfir reksturinn á Uppeldisskóla Sumargjafar. Það var fyrsta viðurkenningin á að börn ættu rétt á umönnun sérmenntaðs fólks.³⁴ Á þessum árum var það viðkvæmt mál hvort dagvistun greiddi fyrir eða hamlaði gegn því

²⁸ Davíð Ólafsson. 2000:21

²⁹ Davíð Ólafsson. 2000:21-22

³⁰ Davíð Ólafsson. 2000:60

³¹ Davíð Ólafsson. 2000:23-24

³² Helgi Skúli Kjartansson. 2002:181

³³ Davíð Ólafsson. 2000:24-26

³⁴ Davíð Ólafsson. 2000:45

að mæður ynnu utan heimilis. Þetta urðu tímamót þar sem farið var að líta á leikskólann sem uppeldisstofnun sem börn mættu helst ekki vera án.³⁵ Erla Böðvarsdóttir segir í viðtali við Önnu Elísu frá sinni upplifun á þessum árum:

Ein besta kjarabótin sem ég man eftir á mínum ferli var þegar hætt var að hafa leikskólann opinn á laugardögum. Það var lítið um sumarfrí og það breyttist ekki fyrr en Akureyrarbær tók við rekstrinum, þá fékk ég líka í fyrsta sinn barneignarfrí, tvo mánuði, og það þótti mér alveg dýrlegt. Þá fékk ég líka fyrst borgað eftir taxa og mátti skrá á mig unna yfirvinnu.³⁶

Fóstrur veltu löngum fyrir sér hvernig lífeyrismálum skyldi háttað hjá stéttinni. Það voru þrjár valmöguleikar sem velt var upp. Fyrsti möguleikinn var að sameinast Lífeyrissjóði verslunarmanna en sá möguleiki virtist þó ekki viðeigandi. Annar möguleiki var að sameinast Lífeyrissjóði bæjarstarfsmanna. Það hefði þýtt að þá yrðu fóstrur bæjarstarfsmenn með öllum þeim réttindum og skyldum sem því fylgdi. Síðasti möguleikinn var að stofna sinn eigin lífeyrissjóð. Það þótti lakasti valkosturinn. Á endanum stofnuðu þó fóstrur sinn eigin lífeyrissjóð með hjálp Snorra Jónssonar, starfsmanni ASÍ sem hvatti þær með tilsögn sinni og skiptust fóstrur með því í tvennt þar sem meirihlutinn fór í lífeyrissjóð bæjarstarfsmanna. Réttindin sem veittust við að ganga í bæjarsjóð voru aðgengileg og skýr. Lengst af þeim tíma sem fóstrur voru meðlimir að BSRB voru uppi hugmyndir um að endurreisa gamla stéttafélagið sem gefur okkur hugmynd um hve mikilvægt sjálfstæði var fóstrum.³⁷ Í dag skulu leikskólakennarar eiga aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna sveitafélaga.³⁸

Árið 1998 fór Félag íslenskra leikskólakennara að efast um stöðu sína innan BSRB og vildu þá helst stofna sameiginlegt félag með grunnskóla- og framhaldsskólakennurum. Kosið var um úrsögn úr BSRB og var sláandi meirihluti sammála því. Þann 15. september árið 2001 gerðist Félag leikskólakennara síðan aðili að Kennarasambandi Íslands og eru félagsmenn núna um 1580.³⁹

Kaup og kjör leikskólakennara hafa verið mikilvæg í baráttu þeirra fyrir virðingu og sjálfstæði. Barátta þeirra hefur verið löng og hörð og þóttu þeir jafnvel ósvífnir að leyfa sér að krefjast réttinda.

³⁵ Helgi Skúli Kjartansson. 2002:405

³⁶ Anna Elísa Hreiðarsdóttir. 2000:34-35

³⁷ Davíð Ólafsson. 2000:26-28

³⁸ Kjarasamningur FÍ:30

³⁹ Heimasíða Félags leikskólakennara

2.2 *Elskandi konur – virðulegt fagfólk?*

Miklar vangaveltur hafa átt sér stað í gegnum sögu leikskólakennara um nafn á stéttina. Nafnið fóstur festist fljótt við hana og var almenn ánægja með það starfsheiti framan af.⁴⁰ Mikilvægt þótti að velja nafn við hæfi fyrir þessa nýju starfsstétt þar sem nauðsynlegt var að kynna stéttina út á við og koma á og viðhalda jákvæðri ímynd. Ekki þótti merkilegt að vinna við það að „passa krakka“. Skoðun almennings var sú að til þess þyrfti ekki kenningar og nám heldur barngæsku, þolinmæði og móðureðli.⁴¹ Virðulegt nafn hafði því mikið að segja fyrir hina nýju starfsstétt.

Fóstrufélag Íslands hefur alla tíð staðið vörð um nafn stéttarinnar og verið á verði gagnvart misnotkun á nafninu. Árið 1975 kom t.d. tilkynning frá félaginu þar sem bent var á að aðeins stúlkur sem lokið höfðu tilteknu námi mættu bera starfsheitið fóstur.⁴² Stéttin reyndi að fá „fóstru“ starfsheitið lögverndað árið 1974 og var lagt fram frumvarp á Alþingi þar um, en það fékkst ekki vegna þess hve almennt heitið væri í íslensku máli. Margar kosningar voru háðar um nafnið og kom fram í þeim öllum almenn ánægja með starfsheitið.

Starfsheitið varð ekki til trafala fyrr en fyrstu karlmennirnir útskrifuðust árið 1983. Þá þótti nafnið fóstur ekki henta karlmönnum og komu fram ýmsar tillögur að nýjum nöfnum meðal annars starfsheitið forskólakennari. Fóstrustéttin breytti þó ekki um nafn fyrr en árið 1994 eftir að ríkisvaldið skilgreindi leikskólann sem fyrsta skólastigið. Þá tók stéttin upp nafnið leikskólakennari sem enn er í notkun.⁴³

Kristín Dýrfjörð segir frá umræðunni meðal leikskólakennara áður en breytingin á nafni stéttarinnar átti sér stað, úr starfsheitinu fóstur í leikskólakennari. Mikilvægt þótti að breyta viðhorfinu til stéttarinnar frá því að vera elskandi konur sem öllu björguðu í virðulega fagmenn. Þetta þótti forsenda þess að vera tekinn alvarlega. Ljóst var að það væri í höndum leikskólakennara sjálfrá að breyta viðhorfinu. Nauðsynlegt væri að sýna stolt og bera höfuðið hátt. Það þyrfti að koma hugmyndafræðinni á framfæri og gera starfið sýnilegt.⁴⁴ Hér á eftir verður fjallað lítillega um leikskólafræði.

⁴⁰ Davíð Ólafsson. 2000:56-57

⁴¹ Davíð Ólafsson. 2000:31

⁴² Davíð Ólafsson. 2000:33

⁴³ Davíð Ólafsson. 2000:56-57

⁴⁴ Kristín Dýrfjörð. 2001b:4

2.3 Stefnur og straumar

Hugtakið fræði er almennt skilgreint sem vísindi og þekking og eru fræðigreinar öll tiltekin málefni á tilteknu sviði.⁴⁵ Samkvæmt því er leikskólafræði þau vísindi og sú þekking sem fræðimenn hafa aflað um leikskólann.

Fram til ársins 1940 var leikskólinn aðallega fyrir börn fátækra fjölskyldna. Það ár opnaði þó fyrsti Fröbel leikskólinn á Íslandi. Hann var ætlaður miðstéttarfjölskyldum þar sem móðirin var yfirleitt heimavinnandi. Við þetta varð munur á milli dagvistunar fyrir börn. Dagheimili var það kallað sem ætlað var börnum allan daginn og var fyrir börn fátækra og námsmanna. Leikskóli var það síðan kallað sem ætlað var miðstéttarbörnum hálfan daginn. Hugtakið „leikskóli“ hefur þó verið notað undir allar gerðir dagvistunar frá árinu 1991.⁴⁶

Sú staðreynd að upphaflega voru dagheimili sett á fót fyrir fátækar fjölskyldur hefur óneitanlega haft mikil áhrif á viðhorf fólks til leikskólans framan af og trúlega því enn nauðsynlegra að umræðan um faglegt starf fengi að njóta sín. Umræðan um faglegt starf og fræði innan leikskólanna var þó ekki hávær fyrst um sinn. Köll og hróp um kjör og lífeyrissjóðsbaráttu hljómaði þó hærra og varð sú umræða meira áberandi og ákallandi, eins og greint hefur verið frá

Erla Böðvarsdóttir segir frá upplifun sinni er hún sótti nám í Uppeldisskóla Sumargjafar og talar meðal annars um að kennslan hafi verið fjölbreytt en að ekki hafi verið talað mikið um uppeldisstefnur og hugmyndafræði. Aðaláhersla Valborgar Sigurðardóttur skólastjóra skólans segir Erla hafa verið á umönnun barnanna og segir hún að sú kennsla sitji fast í henni.⁴⁷

Uppeldisáætlun var síðan gefin út af Menntamálaráðuneytinu árið 1985.⁴⁸ Þá var komin út fyrsta námskráin fyrir leikskóla.⁴⁹ Árið 1999 var svo *Aðalnámskrá leikskóla* gefin út, þá var leikskólinn orðinn að fyrsta skólastiginu hér á landi. Þar með var kominn út stefnumótandi leiðarvísir fyrir þá sem starfa að uppeldi og menntun barna í

⁴⁵ *Íslensk orðabók*. 1988:248

⁴⁶ Kristín Dýrfjörð. 2005:101-103

⁴⁷ Anna Elísa Hreiðarsdóttir. 2000:32-33

⁴⁸ *Uppeldisáætlun fyrir leikskóla*. 1993:7

⁴⁹ Davíð Ólafsson. 2000:57

leikskólum.⁵⁰ Námskráin er þannig uppsett að hún gerir foreldrum og öðrum sem að leikskólum koma auðvelt með að skilja þau markmið sem stefnt er að og þær leiðir sem lagðar eru til að þeim.

Í aðalnámskránni má finna fjölmörg markmið sem vinna skal að en leikskólar hafa frjálsar hendur til að framfylgja og ná þessum sameiginlegu markmiðum. Leikskólar eru misjafnir og má finna margar ólíkar uppeldisstefnur innan þeirra. Þessar stefnur eru líkt og vinnuaðferðir til að ná settum markmiðum sem aðalnámskráin leggur upp með.

Eins og fram hefur komið opnaði fyrsti Fröbel leikskólinn á Íslandi árið 1940. Fröbel lagði áherslu á leikinn og taldi hann mikilvægasta þáttinn í leikskólauppeldinu. Hann lagði einnig mikla áherslu á virkni og frjálsa sköpun.⁵¹ Hann sagði lífið eiga sér upphaf í guði og því væru hneigðir barnsins góðar. Þess vegna mætti ekki grípa inn í með boðum í tíma og ótíma.⁵²

Ein uppeldisstefna nefnist Montessori. Ágústa Stefánsdóttir segir þessa stefnu viðurkenna hina geysimiklu vaxtarmöguleika barnsins og byggja starf sitt út frá þeim.⁵³ Maria Montessori segir barnið vera líkt og varnarlaus planta sem verður að verja gagnvart ágangi og hindrunum hins fullorðna. Hún vildi meina að um leið og barnið hefði öðlast eigin vilja og vilji framkvæma hluti þá rísi þeir fullorðnu ómeðvitað upp og reyni að hindra það í framkvæmd sinni.⁵⁴

Maria Montessori segir umhverfi barnanna verða að vera þannig að þau geti tjáð sig óhindrað. Hún segir mikilvægt að gera umhverfið þannig úr garði að börnin geti sem mest verið frjáls og sjálfstæð. Mikilvægt sé að húsgögn séu við hæfi barnanna þannig að þau geti unni út frá eigin forsendum. Kennslutæki og húsbúnaður verður því að vera hvetjandi og þroskandi. Montessori hannaði t.d húsgögn sem hentuðu stærð barnanna.⁵⁵

Ein þessara vinnuaðferða er nefnd eftir ítölsku borginni Reggio Emilia. Markmið þeirrar vinnuaðferðar er að efla með börnum skapandi hugsun og hvetja þau til að nota öll

⁵⁰ *Aðalnámskrá leikskóla*. 1999:5

⁵¹ Fröbel, Friedrich. 1980:62

⁵² Fröbel, Friedrich. 1980:99

⁵³ Ágústa Stefánsdóttir. 1991:17

⁵⁴ Montessori, Maria. 1967:55-58

⁵⁵ Montessori, Maria. 1967:46

skilningarvit sín. Í leikskólunum ríkir það viðhorf til barna að þau séu getumikil og hæfileikarík.⁵⁶

Einnig má hér nefna Waldorfstefnuna. Frumkvöðull að þeirri stefnu var Rudolf Steiner sem opnaði fyrsta Waldorfskólann árið 1919.⁵⁷ Hann segir að árin fyrir sjö ára aldurinn sé mikilvægustu ár lífsins fyrir einstaklinginn. Þá fari fram mesta þróunin og þroskinn og barnið sé opið fyrir allri skynjun.⁵⁸ Snorri Traustason segir frá starfandi Waldorfleikskóla á Íslandi, Yl. Öll leikföng eru úr tré og steinum. Starfsfólk leikskólans Yls skilgreinir barn á aldrinum 0-7 ára sem ósnertanlegt og að best sé að geyma það í mjúkum hjúp.⁵⁹

Af framan greindu má sjá hve fjölbreytt leikskólastarf getur verið, sem hefur eflaust áhrif á viðhorf fólks til leikskóla, en viðhorfin eru einnig tengd sýn samfélagsins til barnæskunnar. Hér á eftir verður fjallað um hvernig sýn á leikskólabarnið hefur breyst í gegnum tíðina.

2.4 Sýn á barnæsku

Í gegnum aldirnar hafa verið settar fram ýmsar kenningar um eiginleika barnæskunnar. Börn hafa verið skilgreind allt frá því að vera „ill“ til þess að vera „alsaklaus“ og frá því að vera „dugmikil“ til þess að vera „ómeðvituð“.⁶⁰

Fyrsti fræðimaðurinn til að þess að skoða þörf barna til kennslu má segja að hafi verið Comenius. Hann var fyrstur til að segja að ung börn þyrftu að læra. Hann sagði að nauðsynlegt væri að ung börn umgengjust jafnaldra sína til að læra um hluti, nánasta umhverfi, dyggðir, ást og virðingu. Hann lagði ríka áherslu á að læra frá hinu auðveldi til hins erfiða.⁶¹

Heimspekin hefur einnig haft sína fræðinga til að skoða barnæskuna. Fræðimenn eins og John Lock sem sagði barnið óskrifað blað sem fæddist án vits, þekkingar og

⁵⁶ Malaguzzi. 1998:49-97

⁵⁷ Steiner, Rudolf. 1998:1

⁵⁸ Steiner, Rudolf. 1998:90-91

⁵⁹ Snorri Traustason. 1992:23

⁶⁰ Allison, James, C. Jenks og A. Prout. 1998: 10-20

⁶¹ Simmons-Christensen, Gerda. 1983:29-30

skynsemi⁶², Jean Rousseau sem sagði barnið hreint við fæðingu og spilltist af manna völdum og Imanuel Kant sem segir mansbarnið þarfnast uppeldis af mannavöldum.

Jean Rousseau sagði að allt væri gott sem kæmi frá höndum skaparans en færi niður á við er komið væri í hendur manna. Hann sagði að allt sem okkur vantar við fæðingu fengjum við með kennslu og lagði áherslu á að besta kennslan væri sú sem við fengjum frá náttúrunni⁶³

Immanuel Kant sagði manneskjuna vera eina dýrið sem þarfnast uppeldis. Með uppeldi átti hann við þörfina fyrir umhyggju, aga, kennslu og fágun.⁶⁴

Gunnilla Dahlberg fjallar um John Lock og segir hann skilgreina unga barnið sem byrjar lífið sem óskrifað blað, eins og tóm tölur eða það sem Lock segir sjálfur „tabula rasa“. Hún segir að hægt sé að kalla það „Locks barn“. Áskorunin í uppeldi þess barns felst í því að undirbúa það til náms. Þess vegna þurfa börn á yngri árum að vera uppfyllt af kunnáttu, hæfileikum, samfélagslegum nútímagildum og félagslegum staðhæfingum.⁶⁵ Gunnilla Dahlberg telur samhljóm með þessum fræðimönnum þar sem þeir líta allir á barnæskuna sem undirbúningstímabil sem miðar að því að gera barnið tilbúið undir eitthvað sem bíður.⁶⁶ Guðrún Alda Harðardóttir fjallar um getu barna er hún veltir fyrir sér hvort þekking barna sé þögl. Í framhaldi af því setur hún þá spurningu fram hvort viðhorf leikskólakennara sé að leikskólinn sé biðstofa fyrir það sem koma skal.⁶⁷ Það viðhorf er í anda Kant, Lock og Rousseau sem segja barndóminn vera undirbúningsstig fyrir framtíðina. Það er andstaða þess að leikskólinn sé lífið sjálft.

Gunnilla Dahlberg fjallar einnig um þá sýn er litið var á barnið sem viðkvæma veru sem þyrfti að vernda. Í þessu samhengi talar hún um fræðimanninn Rousseau.⁶⁸ Hann sagði að fyrstu árin þyrfti að ala barnið upp í heimahúsi, helst í sveitinni þar sem það fengi að alast upp í friði og ró. Þá þyrfti barnið ekki að hugsa um neitt nema sjálft sig.⁶⁹

Gunnilla Dahlberg talar einnig um Fröbel sem sagði barnið vera líkt og viðkvæm planta sem þarfnast næringar, rétt umhverfis, ljóss og verði þessi skilyrði uppfyllt muni

⁶² Lock, John. 1986:91-92

⁶³ Rousseau, Jean Jacques. 1956:11

⁶⁴ Kant, Immanuel. 2000:21

⁶⁵ Dahlberg, Gunnilla, Peter Moss og Alan Pence. 2001:44

⁶⁶ Dahlberg, Gunnilla, Peter Moss og Alan Pence. 2001:70

⁶⁷ Guðrún Alda Harðardóttir. 2001:68

⁶⁸ Allison, James, C. Jenks og A. Prout. 1998:13

⁶⁹ Rousseau, Jean Jacques. 1956:10

barnið þroskast, öllum til ánægju og yndisauka.⁷⁰ Fröbel sagði einnig að þetta gildi fyrir alla. Ef framtíðin eigi að bera með sér hamingju, þá hvílir það allt á þeirri líkamlegu og andlegu umhyggju sem þeir hafa hlotið í bernsku.⁷¹

Piaget er einn áhrifamesti vísindamaður á sviði uppeldismála síðustu aldar. Hann hafði vissa vísindasýn á barnið og sagði það vera rannsakanda. Barnið tæki þroska sinn út í þrepum og byggði upp þekkingu sína með rannsókn á umhverfinu.⁷² Hann skipti þroskaferlinu í þrjú stig. Hann sagði það fyrsta eiga sér stað á aldrinum 4-7 ára og kallar hann það innsæis- eða hugboðastig, þá byggi börn ályktanir á hugboðum ekki rökum. Annað stigið sagði hann eiga sér stað á aldrinum 7-11 ára og kallar hann það stig hlutlægar aðgerðir, þá séu börn farin að geta ráðið fram úr ýmsum viðfangsefnum en einungis þeim áþreifanlegu.⁷³ Þriðja stigið kallast formlegar aðgerðir og hefst það á aldrinum 11-12 ára og varir allt til 15 ára aldurs, þá geti börn hugsað í óhlutstæðum hugtökum.⁷⁴

Dahlberg fjallar um þessa sýn Piaget á barn og segir það vera aðferð til að búa í sundur þroskaþætti barnsins til þess að skilja það betur.⁷⁵ Hún segir einnig að hægt sé að finna samhljóm með sýn Piaget á barnið og hinu kröftuga barni sem Rousseau og Lock tala báðir um. Þeir segja einnig að nauðsynlegt sé að rökræða við barnið.⁷⁶

John Dewey lítur á uppeldi og kennslu barna sem leið til að kenna þeim að hugsa rétt. Hann segir mikilvægt að hugsa með ígrundaðri hugsun sem leiðir til niðurstöðu. Þetta segir hann jafngilda því að hugsa mál til enda.⁷⁷ Hann segir mikilvægt að hugsun þroskist eðlilega frá frumbernsku og að lögð sé áhersla á kennslu- og uppeldisaðferðir sem styrkja forvitni, ályktun og löngun til að prófa.⁷⁸ Dewey telur því best að börn læri með því að framkvæma. Hann telur huga barna ekki vera þerripappír sem drekki í sig visku heldur sé barnið lifandi vera sem þarf að hafa fyrir því að afla sér þekkingar.⁷⁹ Barnið er því virkt í sínum eigin þroska.

⁷⁰ Dahlberg, Gunilla og Kenneth Hultqvist. 2001:159-161

⁷¹ Fröbel, Friedric.1980:61

⁷² Piaetkverið. 1980:ii

⁷³ Piaget, Jean. 1973:63-79

⁷⁴ Piaget, Jean. 1973:99

⁷⁵ Dahlberg, Gunilla, Peter Moss og Alan Pence. 2001:71-72

⁷⁶ Allison, James, C. Jenks og A. Prout. 1998:16

⁷⁷ Dewey, John. 2000:44

⁷⁸ Dewey, John. 2000:128

⁷⁹ Dewey, John. 2000:309

Nútímabarnið er einstaklingur með eigin réttindi. Dahlberg segir að breytingar hafi átt sér stað á ímynd barnsins síðustu áratugina sem rekja megi til póstmóðernískra hugmynda sem rekja megi fyrst og fremst til Evrópu. Í þessari breyttu ímynd felst að ekki er litið á barnið sem alfarið á ábyrgð foreldranna eða samfélagsins heldur beri þessi aðilar ábyrgðina sameiginlega. Samfélagið kemur þá t.d. á móts við foreldrana með því að veita þeim foreldraorlof, veikindadaga og rétt til leikskóla óháð stöðu fjölskyldunnar. Þeir sem hafa þessa sýn á barnæskuna sjá hana ekki sem undirbúningstímabil fyrir eitthvað sem koma skal heldur sé æskan tímabil sem sé mikilvægt í lífi hvers einstaklings.⁸⁰

Þegar Kristín Dýrfjörð fjallar um sýn á barnið í nútímanum segir hún að hana megi glögg sjá í *Uppeldisáætlun fyrir leikskóla, markmið og leiðir* sem kom út árið 1985. Undirstaða hennar eru kenningar Piaget og framfarastefna John Dewey. Barnið er í brennidepli þar sem gott uppeldi getur skipt sköpum og jafnvel haft úrslitaáhrif fyrir námsgengi barns og þroska í framtíðinni. Í *Aðalnámskrá leikskóla* sem kom út árið 1999 var Piaget hins vegar ekki eins áberandi. Í henni er litið á barnið sem getumikið og hæfileikaríkt og mikilvægt að hverju barni sé mætt þar sem það er statt hverju sinni.⁸¹

Fræðimennirnir Piaget og Dewey eru einna áhrifamestir í leikskólum í dag. Dewey hefur haft mikil áhrif á skólakerfið í heild sinni og er það sem telst sjálfsagt í dag afrakstur þess sem hann barðist fyrir í byrjun síðustu aldar. Dewey taldi eins og áður kom fram að börn öðluðust raunhæfa menntun í gegnum reynslu sína.⁸²

2.5 Fyrir hvern er leikskólinn í dag?

Hugtakið viðhorf, lýsir eins og áður hefur komið fram, áliti, skoðun eða afstöðu fólks. Hver er þá afstaða fólks til leikskólans í nútímaþjóðfélagi. Hér á eftir er það skoðað fyrir hvern leikskóli nútímans er hugsaður. Er hann hugsaður fyrir börnin, foreldrana, fjölskylduna, vinnuveitendur, fyrirvinnuna eða jafnvel samfélagið? Samkvæmt lögum er leikskóli nútímans fyrir börnin. Það má greina í 2. grein laga um leikskóla:

⁸⁰ Dahlberg, Gunilla, Peter Moss og Alan Pence. 2001:75-76

⁸¹ Kristín Dýrfjörð. 2001a:42

⁸² Jóhanna Einarsdóttir. 1997:28-29

- ❖ Að veita börnum umönnun, búa þeim hollt uppeldisumhverfi og örugg leikskilyrði.
- ❖ Að gefa börnum kost á að taka þátt í leik og starfi og njóta fjölbreyttra uppeldiskosta barnahópsins undir leiðsögn leikskólakennara.
- ❖ Að kappkosta í samvinnu við heimilin að efla alhliða þroska barna í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins og leitast við að hlúa að þeim andlega og líkamlega svo að þau fái notið bernsku sinnar.
- ❖ Að stuðla að umburðarlyndi og víðsýni barna og jafna uppeldisaðstöðu þeirra í hvívetna.
- ❖ Að efla kristilegt siðgæði barna og leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, hugsandi, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelltri þróun.
- ❖ Að rækta tjáningar- og sköpunarmátt barna í þeim tilgangi að styrkja sjálfsmynd þeirra, öryggi og getu til að leysa mál sín á friðsamlegan hátt.⁸³

Eins og áður hefur komið fram þjónaði leikskólinn lengi þeim tilgangi að vera dagvistun fyrir börn einstæðra foreldra og námsmanna. Á þeim tíma má segja að viðhorf almennings gagnvart tilgangi leikskóla hafi verið að þjóna foreldrum. Í dag horfir öðruvísi við. Eins og áður kom fram breyttist þetta viðhorf í kringum 1970, þá urðu tímamót þar sem farið var að líta á leikskólann sem uppeldisstofnun sem börn ættu helst ekki að vera án.⁸⁴ Í dag er litið á leikskólann sem nauðsynlega viðbót við heimilið. Þetta sýnir hvernig viðhorf til leikskólastarfs hefur breyst.

Börn koma frá mismunandi heimilum og eru alin upp við ólíkar aðstæður fjárhagslega og félagslega.⁸⁵ Þetta eru ein rök þess að börn þurfi á leikskólum að halda. Í *Aðalnámskrá leikskóla* segir einnig að börn búi við mismunandi uppeldisskilyrði og komi frá ólíkum fjölskyldum. Leikskólanum beri að taka tillit til þess í starfi sínu og skólanámskrárgerð að efla tilfinningu sérhvers barns fyrir því að það tilheyri samfélaginu og sé hluti þess. Þar segir einnig að margvísleg samskipti við starfsemi utan leikskólans geti verið hluti þessarar viðleitni.⁸⁶

Fjölskyldugerðir hafa breyst. Ekki er til neitt sem heitir „hefðbundin fjölskyldutengsl“. Kjarnafjölskyldunni tilheyra ekki lengur þrír til fjórir ættliðir. Í dag er algengara að henni tilheyri foreldrar og eitt til þrjú börn. Það er þó alls ekki algilt, þar

⁸³ *Lög um leikskóla*. 1994. nr. 78

⁸⁴ Helgi Skúli Kjartansson. 2002:405

⁸⁵ Moss, Peter og Helen Penn. 1996:73

⁸⁶ *Aðalnámskrá leikskóla*. 1999:27

sem fjölskyldumunstur eru orðin flókin og óstöðug. Í nútímasamfélagi er atvinnuþátttaka, hjónabönd og venjur einstaklinga stöðugt að breytast.⁸⁷

Önnur rök fyrir mikilvægi leikskólans er að í dag lifum við í fjölmenningslegu þjóðfélagi. Mörg ólík tungumál eru töluð inni á heimilum landsins.⁸⁸ Leikskólinn gegnir mikilvægu hlutverki í að leiða saman börn frá ólíkum menningarheimum. Líkt og segir í aðalnámskránni „Leikskólinn á að hjálpa börnum frá öðrum menningarsvæðum til að vera virkir þátttakendur í hinu nýja samfélagi án þess að þau glati tengslum við eigin menningu, tungu og trú.“⁸⁹

Matthew Lipman bendir á að kennarar séu einn mikilvægasti hlekkurinn í þeirri starfskeðju sem mest áhrif hefur í vestrænni menningu⁹⁰. Þetta á ekki síður við um leikskólakennara. Sænski leikskólakennarinn Birgitta Samuelsson styður þetta viðhorf og segir að vilji maður bjarga heiminum sé nauðsynlegt að byrja í leikskólanum.⁹¹

Það má því segja að kennarar séu ein undirstaða þess að við fáum heilsteypa, velmenntaða, sanngjarna og virka þjóðfélagsþegna til samvistar við okkur í framtíðinni. Þess vegna sé nauðsynlegt að kennarastarfið sé áhugavert, virðingarvert, vel borgað og freistandi starf, eða eins og segir í skólastefnu Kennarasambands Íslands 2002-2005:

Menntun er lykillinn að félagslegri og efnahagslegri hagsæld íslensku þjóðarinnar í þekkingarþjóðfélagi framtíðarinnar. Menntun er nauðsynleg til að tryggja framtíð íslenskrar menningar og forsenda sterkrar samkeppnisstöðu Íslendinga á alþjóðavettvangi. Skólinn á að vera ein af styrkustu stöðum samfélagsins.⁹²

Börn okkar eru eins misjöfn og þau eru mörg. Þau þurfa aga og festu jafnframt því að þurfa ást og alúð. Til þess að þau læri undirstöðu þess sem koma skal í lífinu er mikilvægt að þau öðlist þekkingu. Þau þurfa að læra að læra, læra að spyrja spurninga og síðast en ekki síst þurfa þau að læra að vera sjálfstæðir einstaklingar líkt og segir í skólastefnu Kennarasambands Íslands:

Leikskólum, grunnskólum, framhaldsskólum og tónlistarskólum er ætlað að búa nemendur undir lífið en skólinn er jafnframt sjálfstætt samfélag þar sem nemendur og kennarar glíma við mikilvægar

⁸⁷ Moss, Peter og Helen Penn. 1996:73

⁸⁸ Moss, Peter og Helen Penn. 1996:73-74

⁸⁹ *Aðalnámskrá leikskóla*. 1999:15

⁹⁰ Lipman, Matthew. 2003:9

⁹¹ Engdahl, Ingrid. 1990:16

⁹² *Skólastefna Kennarasambands Íslands 2002-2005*

spurningar daglegs lífs, umgengnishætti, fræðileg viðfangsefni og þjóðfélagsmálefni.⁹³

Samkvæmt stefnu Kennarasambands Íslands er hlutverk skóla að auka möguleika einstaklings á að öðlast hamingjusamt líf. Þetta gerir kennari með því að mennta einstaklinginn þannig að hann sé betur í stakk búinn til að starfa í nútímasamfélagi.

Því má ekki gleyma að í nútímasamfélagi vinna flestir foreldrar úti á vinnumarkaðnum og eru kennarar því nánast eina fullorðna fólkið sem börnin umgangast dagsdaglega. Því kemur það ekki síst í hlut kennara að kenna börnunum að vera manneskjur. Kenna þeim að sýna umhyggju hvert fyrir öðru, hvetja þau til að leita sannleikans, treysta á sjálf sig og virða og gagnrýna skoðanir sínar og annarra. Kennarar þurfa einnig að kenna börnunum að hugsa sjálfstætt og hvernig sé best að lifa. Þetta kemur einnig fram í skólastefnu Kennarasambands Íslands. Þar segir að skólarnir eigi að veita öllum nemendum góða menntun og auka hæfni nemenda í samskiptum, samstarfi og efla frjóa og gagnrýna hugsun þeirra auk leikni í að afla sér þekkingar.

Til þess að þetta gangi upp er nauðsynlegt að kennarar séu vel menntaðir og ánægðir í starfi eins og segir í skólastefnunni „Vel menntaðir kennarar, námsráðgjafar og stjórnendur eru forsenda fyrir góðu skólastarfi”.⁹⁴

Eins og fram hefur komið er lítið á barn í dag sem getumikið og hæfileikaríkt. Leikskólinn er hugsaður fyrir barnið sjálft sem þarf á honum að halda af mörgum ástæðum. Hann gegnir veigamiklu hlutverki fyrir barnið og er eitthvað sem það má helst ekki vera án. Líkt og Sigríður K. Stefánsdóttir segir þá er dagvistarheimilið eini staðurinn í samfélaginu þar sem allt er skipulagt með þarfir barnanna í huga.⁹⁵ Það er verk leikskólakennara að mæta hverju barni þar sem það er statt hverju sinni og skipa þeir því stórann sess í uppeldi barna í nútíma þjóðfélagi. Óhætt er því að segja að leikskóli nútímans sé ætlaður börnunum og að viðhorfið sé að hann sé þeim mikilvægur. Engu að síður er hann líka mikilvægur foreldrunum líkt og segir í tímaritinu *Fóstra* árið 1982 „Öll börn skulu eiga kost á dagvistun óháð atvinnu og efnahag foreldra, og allir foreldrar eiga að geta stundað vinnu utan heimilis, ef þeir kjósa“. Þar segir einnig að þörf sé á verulegri

⁹³ Skólastefna Kennarasambands Íslands 2002-2005

⁹⁴ Skólastefna Kennarasambands Íslands 2002-2005

⁹⁵ Sigríður K. Stefánsdóttir. 1982:29

uppbyggingu í dagvistarmálum og hana þurfi að tengja þörfum vinnumarkaðarins.⁹⁶ Leikskólinn þjónar því þörfum barna, foreldra og samfélagsins í heild.

Hér á eftir verður skoðuð staða leikskólakennara í samfélaginu og hvernig viðhorfum til stéttarinnar er háttað í dag.

2.6 Viðhorf til leikskólakennara

Eins og fjallað hefur verið um hér á undan eru mörg atriði sem greina má hvernig viðhorf fólks í samfélaginu var á árum áður. Sigrún Aðalbjarnardóttir telur að sjálfsvirðing kennara og virðing annarra fyrir kennarastarfinu sé einn grundvallarþáttur farsæls skólastarfs sem á að mennta æsku landsins og búa þau þannig undir virka þátttöku í æ flóknara samfélagi.⁹⁷

Við skoðun á viðhorfum til leikskólakennara/fóstra má benda á dæmi frá sjöunda áratugnum. Þá fór fram umræða um stöðu sex ára barna innan menntakerfisins. Sex ára börn virtust hvorki tilheyra grunnskólum né leikskólum. Fóstrur sóttust eftir því að sjá um kennslu þessara barna innan grunnskólans þar sem um undirbúningsstig væri að ræða og var haldið námskeið fyrir þá sem þetta vildu taka að sér.⁹⁸ Fóstrur þóttu þó ekki nógu menntaðar til að sjá um þetta skólastig og fóru að endingu að þær fóstrur sem tóku að sér kennsluna voru réttindalausar og töldust hvorki til fóstra né grunnskólakennara.⁹⁹

Viðhorf til leikskólakennara hefur tekið stakkaskiptum á síðustu árum. Þetta sést t.d. á niðurstöðum rannsókna Hörpu Njálisdóttur á leikskólastarfi. Þar kemur fram að almenningur telur leikskóla á Íslandi veita faglega og góða þjónustu.¹⁰⁰ Í dag er leikskólinn fyrsta skólastigið, eins og áður kemur fram og sækir fólk almennt í að hafa börnin sín í leikskóla. Engu að síður kemur fram í grein sem greinir frá niðurstöðum rannsóknar sem gerð var á útskriftarnemum leikskólakennara árið 1992 að viðbrögð umhverfisins hafi verið blandin er þær völdu þennan starfsvettvang og margar hafi upplifað neikvæð viðbrögð frá vinum og ættingjum. Ein fékk spurninguna „Hvað ertu að fara að læra að snýta og skeina?“ Önnur fékk viðbrögð við því að hafa alið upp þrjú börn

⁹⁶ *Fóstra*. 1982:16-17

⁹⁷ Sigrún Aðalbjarnardóttir. 2002

⁹⁸ Davíð Ólafsson. 2000:38

⁹⁹ Davíð Ólafsson. 2000:39

¹⁰⁰ Harpa Njálisdóttir. 2004:32

en ætli svo að fara læra að „passa” börn.¹⁰¹ Þessar niðurstöður svipar til þeirrar kveikju sem varð tilefni þessara ritgerðarskrifa, eins og fram kemur í inngangi.

Guðrún Alda Harðardóttir talar um í grein sinni *Að líta gagnrýnum augum á sig og sína stétt*, að hugsanlega líti leikskólakennarar of mikið upp til annarra stétta og finnist þeir ekki hafa neitt merkilegt fram að færa. Hún segir einnig að leikskólakennarar virðist þjást af einskonar minnimáttarkennd enn þann dag í dag. Þeir séu „bara“ með litlu krakkana. Eins talar hún um að þörf sé á að gera grein fyrir hvað gert sé innan leikskólans. Í því samhengi bendir hún á nauðsyn þess að skrifa bækur og nota uppeldisfræðilegar skráningar, sem er aðferð til gagnaöflunar, til þess að deila því með öðrum fagmönnum sem á sér stað í leikskólanum. Guðrún Alda Harðardóttir segir frá dæmi um viðhorf til leikskólakennara: „Þú ert búin að læra í þrjú ár og hvað gerirðu svo – bara situr á fundum! Bara hitt starfsfólkið og við erum svo duglegar við að gera allt – fyrir alla!“. Niðurstöður sínar byggir Guðrún Alda á viðtölum við leikskólakennara. Viðhorf sem þetta getur skapast þegar skilning skortir á starfi hins aðilans. Skilningur á starfi leikskólakennara getur einungis myndast ef stéttin fjallar um innihald starfs síns. Að endingu bendir Guðrún Alda þó á að sjálfstraust stéttarinnar eflist hratt um þessar mundir. Hún talar um ráðstefnu sem hún hafi farið á nýlega, þar hafi einungis einn fyrirlesari ekki verið leikskólakennari. Það telur hún vera jákvæða þróun.¹⁰²

Kristín Dýrfjörð telur tvær stærstu ógnir við stöðu leikskólans í dag vera lág laun og hátt hlutfall ófaglærðs starfsfólks. Leiðbeinendur séu líklegri til að skipta um starfsvettvang og að í dag séu rétt undir 40 % starfsfólks leikskólanna faglærðir.¹⁰³ Þetta er enn einn áhrifaþáttur sem getur haft áhrif á viðhorf fólks til leikskólakennara.

Í kjarasamningi Félags leikskólakennara og launanevndar sveitafélaga kemur fram að allir aðilar séu sammála því að stefnt skuli að því að allir starfsmenn leikskóla sem annast uppeldi og menntun barna hafi leikskólakennaramenntun. Markmið kjarasamningsins sé að bæta kjör leikskólakennara svo það verði að veruleika sem fyrst. Það sé nauðsynlegt að laun leikskólakennara séu í samræmi við menntun þeirra, ábyrgð og stjórnunarhlutverk.¹⁰⁴ Samkvæmt niðurstöðum í skýrslu Hörpu Njálisdóttur frá árinu

¹⁰¹ Jóhanna Einarsdóttir og Sif Einarsdóttir. 2004:52

¹⁰² Guðrún Alda Harðardóttir. 2002:4-6

¹⁰³ Kristín Dýrfjörð. 2005:103

¹⁰⁴ Kjarasamningur FÍ. 2001:5

2003 kemur hinsvegar í ljós að leikskólakennarar eru með lægstu laun, bæði grunnlaun og heildarlaun, miðað við aðra háskólamenntaða. Harpa vitnar einnig í fyrrnefnt markmið launanefndar sveitafélaga og Félags leikskólakennara og bendir á að 2/3 starfsmanna í leikskólum sem annast uppeldi og menntun barna séu ófaglærðir og að ekki hafi orðið mikil fjölgun einstaklinga sem útskrifast sem leikskólakennarar síðustu árin. Því megi ætla að til þurfi umtalsvert átak í að mennta leikskólakennara til að ná fram markmiðinu frá 2001.¹⁰⁵ Ef laun leikskólakennara eru lægst meðal annarra stétta með sambærilegt nám þá má spyrja hvort að stéttinni hafi orðið eitthvað ágennt í baráttu sinni til vegs og virðingar? En þrátt fyrir bág kjör hefur stéttin verið fræg fyrir fróðleiksfýsni sína, eða eins og Helga Magnúsdóttir leikskólakennari segir í *Fréttabréfi leikskólakennara*: „nú er svo komið að enginn hentugur staður er nógu stór til að allir áhugasamir leikskólakennarar komist á sömu ráðstefnuna.“¹⁰⁶ Fagmennska er því ofarlega á blaði stéttarinnar í dag og um hana verður fjallað hér á eftir.

2.7 Fagmennska og viðhorf

Hvað er fagmennska? Broddi Jóhannesson notaði orðið lífsstarf yfir það sem á erlendum málum nefnist profession og skilgreindi það sem starf sem veltur á viðurkenndum forða sameinginlegrar sérþekkingar, kunnáttu með leikni og sameiginlegu siðgæði starfsmanna.¹⁰⁷

Samkvæmt Peter Moss eru þrjár mismunandi sýnir á hlutverki leikskólakennarans í gangi. Sú fyrsta sér leikskólakennarann eins og við sjáum hann á Íslandi. Þetta er fagaðili sem er sérhæfður í fræðum barna á aldrinum 0-6 ára og kennir í „óskólalegu“ umhverfi þ.e. ekki í hefðbundinni skólstofu. Dæmi um þetta má sjá á heimasíðu Félags leikskólakennara þar sem segir að leggja skuli áherslu á að leikskólakennarinn sé fagmaður í leikskólafræðum og skuli starfa samkvæmt gildandi lögum og reglugerð um leikskóla og *Aðalnámskrá leikskóla*.¹⁰⁸ Þessi viðhorf til leikskólakennara er einnig ríkjandi í Danmörku og Svíþjóð. Annað sjónarhorn er „barnakennarinn“ hann er einnig

¹⁰⁵ Harpa Njálsdóttir. 2004:43

¹⁰⁶ Helga Magnúsdóttir. 1999:5

¹⁰⁷ Broddi Jóhannesson. 1978:12

¹⁰⁸ *Leikskólastefna félags leikskólakennara*

fagaðili sem er sérhæfður í fræðum barna á aldrinum 0-6 ára. Hann „kennir“ í hefðbundnari skilningi orðsins, í hefðbundinni skólastofu. Þessi skoðun á leikskólastarfinu er ríkjandi á Nýja-Sjálandi og á Spáni. Þriðja sýnin er blanda af þessu tvennu. Hana má finna í Frakklandi og Bandaríkjunum þar sem bæði kerfin eru í notkun.¹⁰⁹

Þessar starfsaðferðir leikskólakennara hafa eflaust mikið að segja með þá virðingu sem þeir fá og það viðhorf sem ríkir í garð stéttarinnar. Eins og greint hefur verið frá þá kenna íslenskir leikskólakennarar í gegnum leik og er það „óskólalegt“ í hefðbundnum skilningi. Út á við gæti virst sem lítil kennsla færi fram. Það sýnir hve mikilvægt það er fyrir jákvæð viðhorf til stéttarinnar að auka skilning fólks á því hvað fer fram í leikskólunum. Flestir vita hvað felst í hefðbundinni kennslu en erfiðara getur verið að sjá nákvæman afrakstur náms og hlutverk kennarans í náminu þar sem það fer fram í leik.

Sigrún Aðalbjarnardóttir fjallar um fagmennsku í grein sinni *Í eilífri leit, virðing og fagmennska kennara*. Hún er á þeirri skoðun að sjálfsvirðing kennara tengist m.a. fagmennsku þeirra, því viðhorfi sem þeir hafi á starfi sínu og hvernig þeir hyggjast ná settum markmiðum. Sigrún segir einnig að sjálfsvirðing þeirra tengist þeirri virðingu sem þeir hafa fyrir starfi sínu. Hún veltir því fyrir sér hvort hægt sé að aðskilja fagmennsku kennara við sjálfsvirðingu þeirra.¹¹⁰ Þetta er áhugavert atriði. Hversu mikinn þátt eiga leikskólakennarar í að skapa það viðhorf sem ríkjandi er í samfélaginu gagnvart þeim? Eins og Guðrún Alda Harðardóttir sagði og bent hefur verið á hér að framan, þá virðast leikskólakennarar oft þjást af einskönar minnimáttarkennd, þeir séu „bara“ með litlu börnin¹¹¹. Þetta er mikilvægt atriði fyrir stéttina að skoða. Félag leikskólakennara leggur áherslu á að leikskólakennarinn sé stoltur, áhugasamur, beri virðingu fyrir sér sem fagmanni og að hann sjái starf sitt sem mikilvægt starf. Hann þarf að geta rökstutt hvað felist í starfi sínu og upplýst aðra um mikilvægi þess fyrir barnið og samfélagið.¹¹²

Hrafnhildur Sigurðardóttir og Sigríður Síta Pétursdóttir segja að leikskólakennarinn þurfi að vera meðvitaður um að fylgjast með nýjungum sem snerta fagið til að geta verið færir um að annast uppeldi og menntun barna samkvæmt þeim kröfum sem gilda á

¹⁰⁹ Moss, Peter. 2000:107

¹¹⁰ Sigrún Aðalbjarnardóttir. 2002

¹¹¹ Guðrún Alda Harðardóttir. 2001:35

¹¹² *Leikskólafélagið*

hverjum tíma. Þær segja leikskólakennarann bera sjálfan ábyrgð á því hvernig hann þroskar sig í starfi og hvaða leiðir hann velur að fara sem fagmaður.¹¹³ Hrafnhildur og Sigríður Síta telja nauðsynlegt að leikskólakennari sé hlýr, sveigjanlegur, þolinmóður, lipur í samskiptum, lífsglaður og geðprúður. Þær segja einnig að nauðsynlegt sé að leikskólakennari þekki leiðirnar, sé opinn fyrir hugmyndum, vakandi fyrir umhverfinu og þekki hlutverk sitt sem fagmaður.¹¹⁴

Gordon og Brown fjalla um hlutverk leikskólakennara. Þar eru taldir upp tíu eiginleikar árangursríkrar kennslu; fagmennska í starfi, að starfið sé gefandi og sveigjanlegt, samskipti opin og regluleg, sjálfsþekking, gagnkvæm virðing og viðurkenning, góður hópandi og samkennd, vilji til að deila sviðsljósinu, reglur sýnilegar og að mat fari reglulega fram.¹¹⁵

Hér hefur verið fjallað lítillega um fagmennsku leikskólakennara. Niðurstaðan er sú að líta megi svo á að viðmót og fagmennska sé mikilvæg fyrir það hvernig samfélagið sér leikskólakennarastéttina.

¹¹³ Hrafnhildur Sigurðardóttir og Sigríður Síta Pétursdóttir. 2001:6

¹¹⁴ Hrafnhildur Sigurðardóttir og Sigríður Síta Pétursdóttir. 2001:8

¹¹⁵ Gordon, Ann Miles og Kathryn Williams Brown. 2000:185

3. Að lokum

Eins og fram kemur í inngangi lagði ég upp í þennan leiðangur vegna þess að mig langaði að vita hvernig viðhorf til leikskólakennara eru í dag og hvernig þau hafa myndast. Til að skilja nútíðina skoðaði ég fortíðina. Ég athugaði viðhorf til leikskólakennara, leikskólans og leikskólakennaramenntunarinnar í ljósi sögunnar. Ég velti fyrir mér þróun leikskólans frá dagvistun til fyrsta skólastigsins. Hvernig viðhorf hafa verið til menntunar leikskólakennara, starfsheitis þeirra og kjarabaráttu. Ég kynnti mér einnig hvernig leikskólafræðin hefur þróast og hverjum leikskólinn er ætlaður. Hvernig hlutverk hans hefur mótast og hvernig sýnin á barnið hefur breyst með árunum. Ég velti lítillga fyrir mér hver áhrif leiks væru á viðhorf fólks til leikskólans og hvaða hugmyndir fræðimenn hefðu um leikinn. Að lokum skoðaði ég fagmennsku leikskólakennara og íhugaði hvað í henni fælist.

Hvað segir þessi ferð mín mér? Eins og kemur fram í ritgerðinni er saga leikskólans saga sem leiðir okkur frá dagvistarúrræðum til leikskóla fyrir alla. Sýn á leikskólann hefur því þróast mikið síðustu ár. Við erum komin langt frá þeirri hugsun að heimauppeldi sé best og gerum okkur grein fyrir ólíkum þörfum barna. Almennt er litið svo á að í dag sé leikskólinn fyrst og fremst til staðar fyrir börnin þó að einnig komi fram að hann þjóni foreldrum og samfélaginu með því að gera öllum kleift að starfa utan heimilis.¹¹⁶ Leikskólinn er nauðsynlegur barninu og þroska þess burt séð frá fjárhagslegri eða félagslegri stöðu foreldra þess í lífinu. Þetta tel ég vera jákvæða þróun. Þegar ég horfi til framtíðar get ég séð þetta þróast enn frekar. Upphaf slíkrar þróunar má sjá í ritgerðinni þar sem segir frá því að Reykjavíkurborg greiðir niður kostnað fimm ára barna í leikskólum hálfan daginn.¹¹⁷ Vonandi sjá fleiri sveitarfélög sér fært um slíkt og jafnvel að stíga frekara skref í átt að leikskóla án skólagjalda.

Leikskólakennarar hafa náð langt þegar horft er til menntunarskilyrða stéttarinnar. Það er þó óljóst að mínu mati hversu mikið það hefur skilað sér þegar horft er til viðbragða sem viðmælendur Jóhönnu Einarsdóttur fengu er þær stunduðu nám í leikskólafræði. Í þessu samhengi dettur mér í hug vangaveltur Kristjáns Kristjánssonar

¹¹⁶ *Fóstra*. 1982:16-17

¹¹⁷ Heimasíða leikskóla Reykjavíkur. 2004

um að í þjóðarsálinni leynist þversagnir í viðhorfum samfélagsins til menntamála. Spennandi væri að skoða menntun leikskólakennara í þessu samhengi og bera saman viðhorf Íslendinga til menntunar við aðrar þjóðir. Það gæti gefið okkur nýja sýn á viðhorf landans.

Í ritgerðinni fjalla ég um viðhorf til leikskólakennara í nútímaþjóðfélagi og velti meðal annars fyrir mér hvaða áhrif það hefur á viðhorf fólks að í leikskólanum fari nám fram í gegnum leik. Halda mætti að viðhorfin væru jákvæð í ljósi þess að foreldrar virðast ánægðir með þjónustu leikskólans. Hinsvegar fá leikskólakennaranemar neikvæð viðbrögð frá ættingjum við námsvali sínu. Ef til vill er það vegna launa leikskólakennara sem eru með lægstu laun þegar horft er til viðmiðunarhópa eins og kemur fram í skýrslu Hörpu Njálisdóttur.¹¹⁸ Unnið er að því marki að auka virðingu til leikskólakennara með bættum kjörum og þar af leiðandi auknu hlutfalli faglærðra. Þetta er eitthvað sem hefur mögulega áhrif á viðhorf fólks til leikskólakennara. Betri kjör væru skref í rétta átt þegar horft er til þeirrar minnimáttarkenndar sem Guðrún Alda Harðardóttir bendir á. Betri kjör myndu veita leikskólakennurum aukið sjálfstraust og hugsanlega breyta viðhorfum þjóðfélagsins til þeirra.

Það að leikurinn sé svo stór þáttur uppeldisstarfs og kennslu innan leikskólans gæti haft áhrif á viðhorf fólks til leikskólakennara. Börn leika sér heima og gera það hvort sem maður ýtir undir það eða ekki. Leiðin sem Guðrún Alda bendir á hér að ofan er þörfin á að gera grein fyrir hvað verið sé að gera innan leikskólans til að sýna þjóðfélaginu hve leikur er börnum nauðsynlegur. Þetta er hægt með því að hafa skráningar til sýnis og að skrifa greinar og bækur um efnið eins og hún bendir á. Þetta sé ég sjálf eftir að hafa upplifað það að hafa mín eigin börn í leikskóla. Áður en ég hóf námið gerði ég mér ekki fulla grein fyrir hvað fram færi innan veggja leikskólans. Ég taldi nauðsynlegt fyrir börnin mín að leika við önnur börn og var það meginástæða fyrir dvöl þeirra þar. Í dag sé ég hve mikilvægur tími leikskólaárin eru fyrir börn og foreldra. Nám mitt hefur því ekki síður kennt mér margt um uppeldi minna eigin barna.

Í gegnum árin hefur mikið verið rætt um starfsheiti stéttarinnar. Fóstrur voru ánægðar með starfsheitið þrátt fyrir að hafa alla tíð lagt áherslu á að vera kennarar en ekki umönnunaraðilar. Nafnið varð ekki til trafala fyrr en karlmenn útskrifuðust úr náminu. Þá

¹¹⁸ Harpa Njálisdóttir. 2004:43

þótti starfsheitið ekki viðeigandi lengur. Hvernig ætli standi á því? Þurfti nafnið að vera virðulegra vegna þess að karlmenn væru einnig orðnir aðilar að stéttinni? Þá fyrst var farið að þrýsta á um nöfn eins og forskólakennari. Áður tilheyrðu fóstrur hreinni kvennastétt eins og kemur fram í tilkynningu frá félaginu um að aðeins „stúlkur“ sem lokið hefðu tilteknu námi mættu bera starfsheitið.¹¹⁹ Eins þegar Ísak Jónsson talar um framtíðar fóstrur sem ungar stúlkur í blómstruðum kjólum að leika við börn.¹²⁰ Ætli viðhorfið til leikskólakennara hafi breyst með þátttöku karlmanna í stéttina?

Viðhorf til leikskólakennara hafa breyst mjög frá sem þau voru er þeir hófu baráttu sína. Engu að síður virðist enn eima eftir af gömlum hugmyndum um leikskólann og leikskólakennara líkt og kemur fram í rannsókn Jóhönnu Einarsdóttur.¹²¹ Leikskólinn er viðurkenndur sem nauðsynlegur skóli fyrir börnin okkar en getur verið að við séum ekki ánægð ef okkar eigin börn velja sér leikskólann sem starfsvettvang? Getur verið að fólk almennt sjái nauðsyn og mikilvægi óvinsælla starfa en vilji ekki sjá sín eigin börn velja sér þau sem lífsstarf? Dæmi um þetta gæti verið nauðsyn þess að tæma sorptunnurnar. Það er mikilvægt, við sjáum nauðsyn þess og kunnum að meta það en viljum við sjá börnin okkar velja sér það sem lífsstarf? Ekki að ég líki starfi með börnum og vinnu við að tæma sorpílát saman. Með þessu vil ég þó ekki gera lítið úr því starfi.

Þegar Hrafnhildur Sigurðardóttir og Sigríður Síta Pétursdóttir fjalla um fagmennsku kennara telja þær meðal annars upp persónueinkenni sem leikskólakennara þarf að þrýða. Þær segja nauðsynlegt að hann sé hlýr, sveigjanlegur, þolinmóður, lipur í samskiptum, lífsglaður og geðprúður.¹²² Þessi atriði hafa mikið að segja með viðhorf til leikskólakennara. Það er því ekki eingöngu fagmennska og stolt af starfinu sem er mikilvægt heldur einnig samskipti við umheiminn. Leikskólakennarar þurfa því að vera góðir í samskiptum við samstarfsfólk, börn og foreldra.

Er það ekki merkilegt að eins og ég var stolt í upphafi námsferils míns þá er ég með minnimáttarkennd núna, fer í baklás þegar ég er spurð hvað ég sé að læra og reyni að halda fagmannlegu andliti þegar ég segi „leikskólakennarann“. Í framhaldi af vangaveltum Guðrúnar Öldu um minnimáttarkennd stéttarinnar, má spyrja sig hvort að

¹¹⁹ Davíð Ólafsson. 2000:33

¹²⁰ Kolbrún Bergþórsdóttir. 2004:96

¹²¹ Jóhanna Einarsdóttir og Sif Einarsdóttir. 2004:52

¹²² Hrafnhildur Sigurðardóttir og Sigríður Síta Pétursdóttir. 2001:8

það sé strax í náminu sem stolt leikskólakennaranema fer að dvína? Eða hvort þeir beri höfuðið enn hærra og segi hátt og snjallt „ég er leikskólakennari“.

Nú þegar þessari „ritgerðargöngu“ minni lýkur vaknar hjá mér áhugi að kanna viðhorfin enn betur, til dæmis viðhorf til leikskólakennaranema meðal bekkjarfélaga þeirra sem stunda grunnskólakennaranám. Gaman væri líka að skoða hvort munur sé á viðhorfum þjóðfélagsins til grunnskólakennara og leikskólakennara. Eins þætti mér spennandi að rannsaka viðhorf Íslendinga til leikskólakennarastéttarinnar í samanburði við viðhorf grannþjóða okkar til þeirrar stéttar. Síðast en ekki síst langar mig að kanna viðhorf leikskólakennara sjálfra til stéttarinnar. Þessir draumar mínir bíða til seinni tíma og þá tilheyrir dagurinn í dag fortíðinni.

Til þess að svara þeirri spurningu sem ég lagði upp með í upphafi um hvernig viðhorfum til leikskólakennara er háttað í samfélaginu verð ég að segja að þau eru betri en fyrr á öldum en mættu vera enn betri og enn eigum við langt í land til að viðhorfin til leikskólakennara verði algóð.

Heimildaskrá

- Aðalnámsskrá leikskóla*. 1999. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.
- Allison, James, C. Jenks og A. Prout. 1998. *Theorizing childhood*. New York, Polity Press.
- Anna Elísa Hreiðarsdóttir. 2000. Aðaláherslan var á umönnun. *Athöfn*, tímarit leikskólakennara. 32,1:32-35.
- Ágústa Stefánsdóttir. 1991. Montessori aðferðin. *Fóstra* 24,1:17-19.
- Ármann á Alþingi. 1829. Gefið út af Þorgeiri Guðmundssyni og Baldvini Einarssyni.
- Bragi Guðmundsson og Gunnar Karlsson. 1997. *Uppruni nútímans, Kennslubók í Íslandssögu eftir 1830*. Reykjavík, Mál og menning.
- Broddi Jóhannesson. 1978. Lífsstarf og frjáls þróun skoðana. *Lífsstarf og kenning*. Smárit Kennaraháskóla Íslands og Iðunnar.
- Dahlberg, Gunilla, Peter Moss og Alan Pence. 1999. *Från kvalitet till meningsskapende, postmoderna perspektiv – exemplet förskolan*. Stokkhólmur, HLS förlag.
- Dahlberg, Gunilla og Kenneth Hulqvist. 2001. *Governing the Child in the New Millenium*. London, RoutledgeFalmer.
- Davíð Ólafsson. 2000. *Leikskólakennaratal*, fyrra bindi. Ritstjórar Ívar Gissurarson og Steingrímur Steinþórsson. Reykjavík, Mál og mynd.
- Dewey, John. 2000. *Hugsun og menntun*. Íslensk þýðing Gunnar Ragnarsson. Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Engdahl, Ingrid 1990. *Barnet saken kallet*. Lundur, Sveriges forskollärares rikisförening.
- Fóstra*. Viðtöl við stjórnáamenn. 1982. (Ábyrgðarmaður Edda M. Jensdóttir) [án árg.],1:16-22.
- Fröbel, Friedrich. 1980. *Småbørnspædagogik udvalgte arbejder, Friedrich Fröbel*. Dönsk þýðing Viggo Tønsberg. Kaupmannahöfn, Arnold Busck.
- Gordon, Ann Miles og Kathryn Williams Bown. 2000. *Beginnings and beyond*. 5. útg. Albany, Delmar Publishers.

- Guðmundur Finnbogason. 1994. *Lýðmenntun. Hugleiðingar og tillögur*. Heimildarrit í íslenskri uppeldis-og skólasögu. 1.bindi. Ritstjóri. Loftur Guttormsson. Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Guðrún Alda Harðardóttir. 1999. Brautskráning 2. júní. Háskólinn á Akureyri. [Ópr. Ræða.]
- Guðrún Alda Harðardóttir. 2001. *Í leikskóla lífsins*. Akureyri, Textasmiðjan.
- Guðrún Alda Harðardóttir. 2002. Að líta gagnrýnum augum á sig og sína stétt. *Röggur* nettimarit 4,1:2-12. <http://vefir.unak.is/roggur/Roggur%20tbl4ar.pdf> (Tekið af netinu 25. mars 2005.)
- Harpa Njálisdóttir. *Vinnuaðstæður og kjör í leikskólum á Íslandi 2004*. <http://www.borg.hi.is/leikskolar.pdf> (Tekið af netinu 6. apríl 2005.)
- Heimasíða Félags leikskólakennara. *Félagið*. <http://www.ki.is/main/view.jsp?branch=361561> (Tekið af netinu 25. mars. 2005.)
- Helga Magnúsdóttir. 1999. Vaxandi stétt. *Fréttabréf leikskólakennara* 8,21:5-6. Reykjavík, Félag íslenskra leikskólakennara.
- Helgi Skúli Kjartansson. 2002. *Ísland á 20. öld*. Reykjavík, Sögufélag.
- Hrafnhildur G. Sigurðardóttir og Sigríður Síta Pétursdóttir. 2001. Að vera fagmaður felst í því að leita sér þekkingar. *Athöfn*, tímarit leikskólakennara 33,1:6-10.
- Íslenska alfræðiorðabókin*. 1990. 2. bindi. Ritstjórar Dóra Hafsteinsdóttir og Sigríður Harðardóttir. Reykjavík, Örn og Örlygur.
- Íslensk orðabók*. 1988. Ritstjóri Árni Böðvarsson. Reykjavík, Menningarsjóður.
- Jakob Guðmundsson. 1887. Nokkrar athugasemdir um alþýðumenntunarmálið. *Þættir úr íslenskri skólasögu*. Bragi Jósepson tók saman. Reykjavík, Kennaraháskóli Íslands.
- Jóhanna Einarsdóttir. 1997. Áhrif kenninga John Dewey á leikskólastarf. *Athöfn*, tímarit leikskólakennara 29,1:28-32.
- Jóhanna Einarsdóttir. 2002. Frá sannfæringu til starfshátta. *Netla*, vefðímarit um uppeldi og menntun. <http://netla.khi.is/greinar/2002/003/> (Tekið af netinu 5. apríl 2005.)
- Jóhanna Einarsdóttir og Sif Einarsdóttir. 2004. „Á ég að vera með því líkum kerlingum í bekk“ Reynsla eldri og yngri nemenda í leikskólakennaranámi. *Uppeldi og menntun* 1,13:45-66.

- Kant, Immanuel. 2000. *Om pædagogik*. Árósar, Klim.
- Katz, D. 1989. Foreword. Í A.R. Pratkanis, S.J. Breckler og A.G. Greenwald (Ritstjórar), *Attitude, structure and function*. New Jersey, Lawrence Erlbaum Associates.
- Kjarasamningur Félags leikskólakennara og sveitafélaga frá 1. janúar 2001 til og með 31. ágúst 2004. <http://vyre.ki.is/files/filemanager/website336973/file589599.pdf> (Tekið af netinu 30. mars. 2005.)
- Kolbrún Bergþórsdóttir. 2004. *Átakadagar, ævisaga Elínar Torfadóttur*. Reykjavík. Vaka Helgafell.
- Kristín Dýrfjörð. 2001a. Hver hefur skilgreiningarvaldið í leikskólanum? Viðhorf menning-lýðræði. *Athöfn*, tímarit leikskólakennara tlb. 33,1:40-47.
- Kristín Dýrfjörð. 2001b. Umönnun eða skólun hvort er mikilvægara í leikskóla? *Röggur* netttímarit 3,2:3-10. <http://vefir.unak.is/roggur/roggur2tbl3ar.pdf> (Tekið af netinu 15. mars 2005.)
- Kristín Dýrfjörð. 2005. The development of early childhood education in Iceland: From women's alliance to National curriculum. Birtist í *Emerging Identities among Young Children: European Issues*. Bls. 101-103.
- Kristján Kristjánsson. 1997. *Aftvennu illu, ritgerðir um heimspeki*. Reykjavík, Heimskringla.
- Leikskólar Reykjavíkur*. 2004. http://leikskolar.is/displayer.asp?cat_id=18&module_id=220&element_id=1208 (Tekið af netinu 28. mars. 2005.)
- Leikólastefna Félags leikskólakennara*. <http://www.ki.is/main/view.jsp?branch=361744> (Tekið af netinu 30. mars. 2005.)
- Lipman, Matthew. 2003. *Thinking in education*. Önnur útgáfa. New York, Cambridge.
- Lock, John. 1986. *Ritgerð um ríkisvaldið*. Íslensk þýðing Atli Harðarsson. Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag.
- Lög um leikskóla*. 1994. nr. 78.
- Malaguzzi, Loris. 1998. History, ideas, and basic philosophy. *The Hundred Languages of Children*. Ritstjórar Edwards, C., L. Gandini og G. Forman. The Reggio Emilia Approach to Early Childhood Education. Norwood, NJ Ablex.

- Montessori, Maria. 1967. *The discovery of the child*. Ensk þýðing M. Joseph Costelloe. New York, Ballantine Books.
- Moss, Peter og Helen Penn. 1996. *Transforming Nursery education*. London, Paul Chapman publishing.
- Moss, Peter. 2000. The Parameters of training. *Early Childhood Services, theory, policy and practice*. Ritstjóri Helen Penn. Buckingham, Open University Press.
- Páll Skúlason. 1990. *Um vísindi og menntun, Nokkrar greinar úr Pælingum*. Reykjavík, Háskólaútgáfan.
- Piaget, Jean. 1973. *Barnets psykiske utvikling*. Norsk þýðing Ruth Frøyland Nielsen. Osló, Gyldendal.
- Reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995.*
- Rousseau, Jean Jacques. 1956. *The Emile of Jean Jacques Rousseau selections*. Ensk þýðing William Boyd. New York, Teachers College.
- Uppeldisáætlun fyrir leikskóla, markmið og leiðir*. 1993. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.
- Sigríður K. Stefánsdóttir. 1982. Hvers vegna dagvistarheimili. *Fóstra* [án árg.],1:27:30.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. 2002. Í eilífri leit, virðing og fagmennska kennara. *Netla*, vef tímarit um uppeldi og menntun.
<http://netla.khi.is/greinar/2002/005/03/prent/index.htm> (Tekið af netinu 5. apríl 2005.)
- Simmons-Christenson, Gerda. 1983. *Forskole pedagogikens historia*. Malmö, Natur och kultur.
- Skólafélag Kennarasambands Íslands.*
<http://www.ki.is/main/view.jsp?branch=356714> (Tekið af netinu 25. mars.2005.)
- Snorri Traustason. 1992. Waldorf leikskóli á Íslandi. *Fóstra* 25,1:23-24.
- Steiner, Rudolf. 1998. *Rhythms of learning, what Waldorf education offers children, parents and teachers /selected lectures by Rudolf Steiner*. Ritstjóri Roberto Trostli. New York, Anthroposophic.
- Valborg Sigurðardóttir. 1991. *Leikur og leikuppeldi*. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.
- Valborg Sigurðardóttir. 1998. *Fósturskóli Íslands*. Reykjavík, Gott mál.

Valdimar Ásmundarson. 1886-7. Alþýðumenntun. Bragi Jósefsson tók saman. *Þættir í íslenskri skólasögu*. Reykjavík, Kennaraháskóli Íslands.